

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stjórnvísí, haldinn á Teams fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 12:00 – 13:00.

Fundarstjóri: Guðný Halla Hauksdóttir

Fundarritari: Ásdís Erla Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Kjör fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla formanns.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra.
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
5. Breytingar á lögum félagsins.
6. Kjör formanns.
7. Kjör stjórnarmanna til næstu ára
8. Kjör fagraðs.
9. Kjör skoðunarmanna reikninga.
10. Önnur mál.

1. Ársskýrsla

Formaður stjórnar Stjórnvísí, Aðalheiður Ósk, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári.

Þá tók til máls Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísí. Gunnhildur fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra og helstu verkefni og viðburði Stjórnvísí á liðnu starfsári. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um skýrsluna.

2. Reikningsskil

Framkvæmdastjóri Stjórnvísí lagði fram reikninga félagsins og voru þeir samþykktir án athugasemda.

3. Lagabreytingar – ath eru einhverjar lagabreytingar?

Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir.

4. Kosning stjórnar

Eftirtaldir hafa boðið sig fram til stjórnar Stjórnvísí starfsárið 2021-2022 en frestur til framboðs rann út þann 1. maí síðastliðinn samkvæmt reglum félagsins.

Formaður:

Til formanns hefur borist eitt framboð: Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs og gæða hjá Strætó. Sigríður hefur setið í stjórn Stjórnvísí sl. 3 ár. Sigríður var kjörin einróma.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtalin kosin til tveggja ára í aðalstjórn:

1. Ósk Heiða Sveinsdóttir, forstöðumaður markaðs- og þjónustusviðs Póstsins (2020-2022).
2. Steinunn Ketilsdóttir, ráðgjafi hjá Intellecta og formaður faghóps um stafræna fræðslu (2020-2022).
3. Stefán Hrafn Hagalín, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans (2020-2022)

Auk þess bíður sig fram til stjórnar til eins árs:

4. Jón Gunnar Borgþórsson, alþjóðlega vottaður stjórnendaráðgjafi (CMC), (2021-2022). Jón Gunnar býður sig fram til eins árs, var kosinn í aðalstjórn (2019-2021).

Ný framboð í stjórn sem kosið var um á aðalfundi eru:

5. Baldur Vignir Karlsson, verkefnastjóri á menntadeild Landspítala (2021-2023)
6. Falasteen Abu Libdeh, framkvæmdastjóri og eigandi hjá Ráði ehf. frá og með 01. maí 2021. (2021-2023)
7. Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkenni. (2021-2023)
8. Ingibjörg Loftsdóttir, sviðsstjóri, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður (2021-2023).
9. Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands hjá Markaðsstofu Suðurlands. (2021-2023)
10. Lilja Gunnarsdóttir, markþjálfari og sérfræðingur hjá Reykjavíkurborg. (2021-2023)

Kosið var um fjögur sæti í stjórn, sex frambjóðendur kynntu sig stuttlega og í kjölfarið hófst rafræn kosning.

Eftirfarandi aðilar hlutu flest atkvæði í rafrænni kosningu og eru því kjörin í stjórn Stjórnvísí:

Baldur Vignir Karlsson, verkefnastjóri á menntadeild Landspítala (2021-2023)

Falasteen Abu Libdeh, framkvæmdastjóri og eigandi hjá Ráði ehf. frá og með 01. maí 2021. (2021-2023)

Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkenni. (2021-2023)

Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Áfangastaðaáætlunar Suðurlands hjá Markaðsstofu Suðurlands. (2021-2023)

5. Kosning fagráðs

Kosið er í fagráð Stjórnvísí til tveggja ára í senn og er skipt út tveimur annað árið en þremur hitt árið. Eftirtalin hafa boðið sig fram í fagráð félagsins:

1. Guðfinna S. Bjarnadóttir, framkvæmdarstjóri LS ráðgjöf (2021-2021)
2. Þorkell Sigurlaugsson, viðskiptafræðingur (2021-2023)
3. Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdarstjóri Intra ráðgjafar (2020-2022)
4. Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf. (2020-2022)
5. Sigurjón Andrésson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá (2020-2022).

Fagráðið var kjörið einróma.

Kosning skoðunarmanna

Á síðasta aðalfundi voru kosnir tveir skoðunarmenn til tveggja ára, 2021-2023

1. Oddný Assa Jóhannesdóttir, endurskoðendasviði KPMG
2. Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðendasviði KPMG

6. Önnur mál

Skv. 4.grein í reglum Stjórnvísí er kveðið á um að aðalfundur ákveði félagsgjöld fyrir eitt ár í senn. Að þessu sinni leggur stjórn til breytingu á félagsgjöldum sem í heildina kemur út sem 3-4% hækkun milli ára sem er örlítið lægri en almenn vísitöluhækkun. Markmiðið með breytingunni er að gæta jafnræðis og hefur flokkum verið fjölgað. Bætt hefur verið inn tveimur nýjum flokkum 500-999 (kr.189.900.-) og 1000 starfsmenn o.fl. (kr.259.900.-) .

Stjórn þakkar þeim sem ganga úr stjórn fyrir þeirra framlag og fagnar þeim sem ganga í stjórn.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 12:50.

Undirritunarsíða

Gunnhildur Arnardóttir

Baldur Vignir Karlsson

Falasteen Abu Libdeh

Haraldur Agnar Bjarnason

Jón Gunnar Borgþórsson

Laufey Guðmundsdóttir

Ósk Heiða Sveinsdóttir

Sigríður Harðardóttir

Stefán Hrafn Hagalín

Steinunn Ketilsdóttir